Skólanefnd 2025 - 2026

Aðalmenn án tilnefningar: Freydís Heba Konráðsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Þorgeir Rúnar Finnsson
Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra: Heimir Árnason og Magni Þór Óskarsson
Varamenn án tilnefningar: Héðinn Svarfdal Björnsson og Unnur Pétursdóttir
Varamenn samkvæmt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra: Lára Halldóra Eiríksdóttir
Áheyrnarfulltrúar skólaárið 2025-2026:
Kristinn Berg Gunnarsson - f.h. kennara
Vilté Pétkute forseti Hugins, fulltrúi nemenda
Katrín Jóhannesdóttir fulltrúi foreldra
Karl Frímannsson skólameistari
Sigurlaug A. Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari

268. fundur skólanefndar 7. október 2025

Skólameistari setti fund og bauð nýja skólanefnd velkomna.

Mætt:	Katrín Jóhannesdóttir, Freydís Heba Konráðsdóttir, Heimir Örn Árnason, Karl Frímannson, Kristinn Berg Gunnarsson, Magni Þór Óskarsson, Ólöf Ýr Atladóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Þorgeir Rúnar Finnsson, Vilté Pétkute		
Fund boðaði:	Skólameistari	Fundarritun:	Sigurlaug Anna
Forföll:			
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.15	**Dags.**	7.október 2025

Nr.	**Atriði**	
1	Kosning formanns: Heimir Örn Árnason kjörinn formaður til eins árs.	
2	Kynning á skólastarfinu og stefnumörkun skólans: Skólameistari fór yfir sögu skólans og helstu einkenni, námsframboð og fjölda nemenda. Hann fór einnig yfir stefnumið skólans, hlutverk og gildi. Hann fór yfir forsendur breytinga á námsfyrirkomulagi og vinnustundir og endurskoðun námsferla.	
3	Starfsáætlun skólanefndar: Skólameistari mun senda nefndinni drög að starfsáætlun sem verður þá tekin fyrir á næsta fundi. Stefnt er að fjórum fundum að ári.	
4	Ákvörðun um laun nefndarinnar fyrir setu: Rætt um að greiða akstur þeirra sem koma langan veg. Frestað til næsta fundar að ákvarða laun.	
5	Önnur mál: b) Ráðherra kemur í heimsókn 22. október til að kynna nýtt stjórnfyrirkomulag b) Nýtt stjórnfyrirkomulag og helstu markmið og breytingar kynnt stuttlega	

Næsti fundur: 4. desember kl. 14

Fundi slitið: 16:15

269. fundur skólanefndar 11. desember 2025

Mætt:	Freydís Heba Konráðsdóttir, Heimir Örn Árnason, Karl Frímannson, Katrín Jóhannesdóttir, Kristinn Berg Gunnarsson, Magni Þór Óskarsson, Ólöf Ýr Atladóttir, Ragnar Hólm, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Þorgeir Rúnar Finnsson, Vilté Pétkute			
Fund boðaði:	Skólameistari	Fundarritun:	Sigurlaug Anna	
Forföll:				
Staður:	H7			
Tími:	14.00-15:30	**Dags.:**	11.desember 2025	

Nr.	**Fundarefni**
	Formaður skólanefndar setti fund og kynnti dagskrá.
1	**Fundargerð skólaráðs kynnt**
2	**Rekstrarmál skólans** Ragnar fjármálastjóri fór yfir að framhaldsskólakerfið í heild stendur ekki vel. Hann hefur tekið saman tölur um rekstarniðurstöður og eigið fé allra ríkisreknu framhaldskólanna á árunum 2019-2024 þar sem í ljós kemur að fjárhagsstaða skólanna hefur versnað verulega á þessu tímabili. Uppsafnaður afgangur skólanna var tæpur 1 milljarður kr. í lok árs 2019 en í lok 2024 skulduðu skólarnir ríkissjóði rúman 1 milljarð kr. 22 skólar eru undir en 5 yfir núllinu. Skólameistari sagði þetta sýna að það er vitlaust gefið. Niðurskurður til framhaldsskólakerfisins á fjármálaáætlun er um 2 og ½ milljarður næstu 5 árin á sama tíma og nemendum fjölgar, sérúrræðum fjölgar, fjölda á starfsbrautum eykst o.s.frv. Að auki á að bæta við nýju stjórnskipulagi í kerfið sem ekki er búið að fjármagna. 95% af útgjöldum skólanna eru laun og húsaleiga og hvorttveggja ákveður ríkið. Skólinn hefur skorið niður það sem hægt er, lagt niður störf, fjölgað í hópum og fækkað í fámennum hópum. Komið er að sársaukamörkum svo við getum sinnt hlutverki okkar, t.d. að halda úti fámennum brautum og bjóða upp á nægjanlega fjölbreytt námsframboð. Umræður um þessa stöðu. Hallinn á rekstri skólans árið 2024 var tæpar 52 milljónir. Útkomuspáin fyrir 2025 er 28 milljónir sem er besta staða okkar í 3 ár.
3	**Staða innra mats og umbóta** Skólameistari kynnti nýsamþykkt gæðaviðmið fyrir skólastigið, sem byggja á svipuðum viðmiðum og í grunn- og leikskólum. Í framhaldi af þeim var ákveðið að endurskipuleggja innra mat skólans. Hingað til hefur ekki verið mikið mat á okkar daglega starfi en því verður breytt. Keyptur hefur verið aðgangur að Bravo Lessons sem margir grunnskólar nota. Innleiðingin hefst i janúar.
4	**Kynning á starfi foreldrafélagsins ForMA** Katrín Jóhannesdóttir, fulltrúi ForMA í skólanefnd kynnti starfsemi þess. Sjö manna stjórn er í félaginu auk Söndru náms- og starfsráðgjafa sem er tengiliður við skólann. Nokkrir fundir hafa verið haldnir. Félagið hefur stofnað facebook-síðu, en ekki orðin vel

	virk ennþá. Fundargerðir ForMA hafa verið settar á ma.is. Félagið skrifaði í fréttabréf MA um foreldralaus partí. Rætt hefur verið um forvarnir, t.d. neteinelti o.fl. og fræðslu fyrir foreldra. Framundan er að ræða við skólafélagið um félagslíf, tímasetningar á útskriftarferð, árekstur við inntökupróf í læknadeild og samanburð námsárangurs milli skóla. Foreldrafélagið hefur einnig velt fyrir sér hvort það geti á einhvern hátt stutt við skólann. Skólameistari sagði starfsemi foreldrafélagsins mikilvæga og samstarfið þurfi að vera þétt. Forvarnir væru t.d. eitt af því sem skólinn og foreldrar þyrftu að taka höndum saman um. Hann hefur nýlega fundað með lögreglunni um forvarnamál. Hann nefndi einnig að endurskoða þyrfti lög Hugins í ljósi ákvæða laga um framhaldsskóla þar sem kveðið er á um að allir nemendur hafi sama rétt til félagslífs.	

5	**Breytt stundaskrá og endurskoðun á námsferlum** Að baki er tveggja ára ferli og samstarf við kennarahópinn um nauðsyn breytinga, bæði á formi og inntaki. Niðurstöður PISA-könnunarinnar sýna að samskipta- og félagfærni nemenda hefur minnkað og málskilningi og læsi hrakað og það knýr m.a. á um breytingar. Einnig var sveigjanleikinn í stundaskránni lítill og þurfti að auka hann. Þörf er fyrir að fara meira á dýptina í náminu og jafnframt að vinna að því að koma nemendum á þann stað sem þau þurfa að vera í námsgreinum til að geta náði árangri hér og staðist kröfur aðalnámskrár. Sem dæmi þá fáum við sífellt fleiri nemendur sem aldrei hafa verið í náttúrufræðigreinum í grunnskólum. Markmiðið er alltaf að bæta nám nemenda og skapa samfellu í uppbyggingu námsgreina. Mikilvægt er að skapa líka styðjandi skólaumhverfi, enginn þurfi að upplifa útilokun eða aðkast og skapa jákvæðan skólabrag. Breytt skipulag stundaskrár tók gildi í haust, skipting í kennslustundir og vinnustundir. Tekið verður upp app um áramótin sem vonandi auðveldar nemendum að skipuleggja sig og fá aðstoð. Námsferlarnir líta dagsins ljós í janúar. Stjórnendur vinna nú úr tillögum brauta/kennara. Mikilvægt að tryggja sameiginlega kjarna en jafnframt auka skerpuna og sérstöðuna á hverri braut.
6	**Þóknun skólanefndar** Formaður skólanefndar kynnti tillögu sem var samþykkt.
7	**Önnur mál** Engin önnur mál

Fundi slitið 15:30

270. fundur skólanefndar 5. febrúar 2026

Mætt:	Freydís Heba Konráðsdóttir, Heimir Örn Árnason, Karl Frímannson, Katrín Jóhannesdóttir, Magni Þór Óskarsson, Ragnar Hólm, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Þorgeir Rúnar Finnsson, Vilté Pétkute			
Fund boðaði:	Skólameistari	Fundarritun:	Sigurlaug Anna	
Forföll: Kristinn Berg, Ólöf Ýrr Atladóttir				
Staður:	Sólbyrgið			
Tími:	14.00-15:30	**Dags.:**	5. febrúar 2026	

Nr.	**Fundarefni**	
	Formaður skólanefndar setti fund og kynnti dagskrá.	
1	Fundargerð kennarafundar - lögð fram til kynningar.	
2	Skóladagatal 2026-2027 - DRÖG lögð fram til kynningar Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla sýnd.	
3	Fjárhagsstaða og fjárhagsáætlun 2026 Ragnar fjármálastjóri fór yfir breytingar frá því að áætlunin var kynnt á síðasta fundi. Þá var gert ráð fyrir 28 milljóna króna halla en óvænt fengum við framlag í janúar þannig að verður 27,6 milljón krónur í rekstrarafgang. Fer upp í skuld skólans til ríkissjóðs. Neikvætt eigið fé verður þá líklega 160 milljónir. Rekstaráætlun 2026 gerir ráð fyrir 53 milljónum í halla.	
4	Umfjöllun um áætlanir skólans Skólameistari fór yfir áætlanir skólans sem er að finna á ma.is. Hann nefndi einnig að verið væri að vinna nýja stefnu að notkun gervigreindar.	
5	Önnur mál Skólameistari sagði frá fundi allra skólameistara með ráðherra mennta- og barnamála og starfsfólki ráðuneytisins í síðustu viku. Vilté spurði um fund ForMA og stjórnar Hugins sem vera átti í janúar. Verður ýtt eftir honum.	

Fundi slitið kl. 15:07

271. fundur skólanefndar 6. maí 2026

Fundargerð

271. fundur skólanefndar haldinn í Sólbyrginu 6. maí 2026
Mætt voru: Heimir Örn Árnason formaður, Freydís Heba Konráðsdóttir, Magni Þór Óskarsson, Ólöf Ýr Atladóttir (á Teams) og Þorgeir Rúnar Finnsson.
Áheyrnarfulltrúar voru: Gunnar Óli Gunnarsson forseti Hugins, Karl Frímannsson skólameistari, Katrín Jóhannesdóttir fulltrúi ForMA, Sigurlaug Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari og Vilté Petkuté fráfarandi forseti Hugins.

1. **Fundargerðir kennarafunda** lagðar fram til kynningar

2. **Samráð um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr. laga um framhaldsskóla**

Í 7. grein reglugerðar nr. 614/2009 segir: Skólameistari auglýsir gjaldskrá að höfðu samráði við skólanefnd. Samkvæmt reglugerð þá mega innritunargjöld ekki vera hærri en 12.000 kr.
Skólameistari lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir skólaárið 2026-2027. Hluti þjónustuþátta hækkar skv. vísitölu neysluverðs en aðrir liðir haldast óbreyttir. Skólanefnd staðfestir framlagða gjaldskrá.

3. **Fjárhagsstaða skólans**

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar fjárhagsstöðu skólans fyrstu þrjá mánuði ársins. Reksturinn víkur óverulega frá áætlun.

4. **Hagræðingarkrafa**

Í minnisblaði með þessum fundarlið kemur fram að mennta- og barnamálaráðuneytið gerir þá kröfu til skólans að hann greiði uppsafnaðan rekstrahalla að upphæð 160 milljónir fyrir árslok 2029. Búið er að senda inn fyrstu tillögur að hagræðingaraðgerðum sem kynntar voru á fundinum. Engu að síður mun markmiðum ekki verða náð með þeim tillögum og því bíður skólameistara að funda með ráðuneytisfólki um næstu skref. Ráðuneyti verður gerð grein fyrir því að óraunhæft sé að skólinn geti greitt niður alla upphæðina innan settra tímamarka.

5. **Skóladagatal – endanleg útgáfa**

Skólameistari lagði fram til kynningar endanlega útgáfu af skóladagatali fyrir skólaárið 2026-2027.

6. **Breytingar á stundaskrá – reynsla vetrarins**

Skólameistari greindi frá reynslunni af nýju fyrirkomulagi stundaskrár þar sem þriðjungur tímans er skipulagður sem vinnustundir nemenda. Eftir að skráningarfyrirkomulagi var breytt um áramót er

fyrirkomulagið virkara og nemendur sáttir. Haldið verður áfram að þróa fyrirkomulagið svo það þjóni markmiðum breytingarinnar sem var að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og auka sveigjanleika.

7. **Endurskoðun námsferla**

Skólameistari greindi frá stöðunni á vinnu við endurskoðun námsferla sem að hluta til er lokið. Endurskoðun mun ljúka á næsta skólaári þegar mennta- og barnamálaráðuneyti hefur lokið vinnu við viðmiðunarbraut í náttúrufræði.

8. **Áherslur og námsframboð skólaárið 2026-2027**

Námsframboð skólans fyrir skólaári 2026-2027 verður óbreytt frá því sem verið hefur líkt og kemur fram á heimasíðu skólans.

9. **Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 16.33
Fundargerð ritaði KF